

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður (reglugerðir og reglur).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Guðrúnu Finnborgu Þórðardóttur og Ragnheiði Morgan Sigurðardóttur frá Fjármálaeftirlitinu. Nefndinni barst umsögn um málið frá Fjármálaeftirlitinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, annars vegar og lögum um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017, hins vegar. Er með breytingunum m.a. brugðist við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við innleiðingu á framkvæmdastöðlum ESB sem gefnir eru út ársfjórðungslega og varða tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld vegna ársfjórðungslegra gagnaskila.

Í umsögn sinni til nefndarinnar lagði Fjármálaeftirlitið til breytingu á 1. gr. frumvarpsins um heimild stofnunarinnar til að setja reglur um upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla til að reikna besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Leggur Fjármálaeftirlitið til að í ákvæðinu verði tekið fram að við setningu reglnanna sé stofnuninni heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdarreglugerðum sem innihalda upplýsingarnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Nefndin fellst á tillögu Fjármálaeftirlitsins og leggur til viðeigandi breytingu á 1. gr. frumvarpsins.

Að framansögðu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

1. efnismgr. 1. gr. orðist svo:

Fjármálaeftirlitið setur reglur þar sem fram koma upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla til að reikna besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Við setningu reglnanna er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdarreglugerðum sem innihalda upplýsingarnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku.

Silja Dögg Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2019.

Óli Björn Kárason,  
form., frsm.

Þorsteinn Víglundsson.

Brynjar Nielsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Einar Kárason.

Ólafur Þór Gunnarsson.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Smári McCarthy.

